

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 24. nóvember 2022
UST202211-014/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Akursel - Norðurþing

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Norðurþings er barst 2. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Akursel í Norðurþingi. Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er í tveimur hlutum. Viðfangsefni deiliskipulags norðurhluta er sjótaka fyrir núverandi eldisstöð, dren í fjöru, dælumannvirki, sjólagfir frá dælumannvirkjum og að eldisstöð, mykjutankur fyrir fiskimykju, borun eftir heitu vatni fyrir eldisstöð og endurnýjun á eldri brú. Viðfangsefni deiliskipulags suðurhluta er dreifing fiskimykju til landgræðslu, „vélageymsla,“ skilgreint svæði til dreifingar, skógrækt til kolefnisbindingar á 800-1.000 ha svæði, uppbygging sumarhúsabyggðar (15-20 lóðir) og rif hluta af eldri mannvirkjum í Akurseli.

Stjórn vatnamála

Í greinargerð segir að sjótaka fyrir opnu hafi sé nokkuð ótrygg og gæti laskast í óveðrum. Því gæti skapast umframbörf fyrir eldisvatn úr borholum á landi á meðan á viðgerð stæði.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Þar sem hér er um sjótöku og heitavatnstöku að ræða bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og

efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Skógrækt

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir skógrækt á 800-1.000 ha svæði fellur tillagan mögulega undir lið 1.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, en þar segir að nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis, falli undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun bendir sveitarfélaginu á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Í greinargerð lýsingar er ágætlega fjallað um helstu áhrifaþætti skógræktar að mati stofnunarinnar. Skógræktarsvæðið er að stórum hluta fjalladrapamóavist þar sem er allríkulegt fuglalíf. Algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), spói (*Numenius phaeopus*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*), lóupræll (*Calidris alpina*) og rjúpa (*Lagopus mutus*).¹

Auk þess er votlendisvistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að heiðlóa, lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna, en skógrækt á þessum svæðum mun hafa áhrif á vistgerðirnar og fuglalífið.

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Drenlögn

Í lýsingunni er fjallað um lagningu drenlagnar fyrir sjótöku. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að lagning sæstrengja og neðansjavarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjavarleiðslna eru nánari upplýsingar um málsmeðferð

¹ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/fjalladrapamovist>

vegna umsókna um slíkar lagningar. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að óheimilt er að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu án þess að hafa áður fengið til þess þær heimildir sem tilgreindar eru í 4. gr. reglugerðarinnar.

Landgræðsla

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að nýta eigi fiskimykju (fastefni) í landgræðslu á afmörkuðum svæðum. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til landgræðslu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar² til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli í stað þess að farga því með urðun.

Stofnunin vill benda á að notkun dauðfisks/meltu til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilviki, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því bendir stofnunin á að leita skal samþykkis Matvælastofnunar ef nota á fastefnið sem áburð.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á stefnu stjórnvalda sem kom út í júní 2021 um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 og nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Meginmarkmið stefnunnar eru m.a. að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

² https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismehondlun_2020.pdf